



## Faghópur I

### Fundargerð 27. fundar

Orkustofnun, 29. desember 2009, kl. 10:00-17:00

**Mætt:** Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Auður Sveinsdóttir, Freysteinn Sigmundsson, Gísli Már Gíslason, Haukur Jóhannesson, Hilmar J. Malmquist, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Magnús Ólafsson, Ólafur Arnalds, Ragnheiður Traustadóttir (frá kl. 12:00), Rannveig Thoroddsen, Sólborg Una Pálsdóttir, Snorri Baldursson, og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.

#### Fundarfrásögn

- Fundarefni:** Verðmætamati landslags og víðerna.
- Forsendur fyrir mati á landslagi.** Í upphafi var almennt rætt um hvaða forsendur réðu slíku mati á landslagi
  - Auðgi: Fjölbreytni landslags á borð við liti, form, mynstur, áferð, hæðarmun, gróður, vatn o.s.frv.
  - Fágæti: Hvaða landslagþættir eru fágætir miðað við önnur svæði?
  - Sjónrænt gildi: Rannsóknir sýna að þessi þáttur vegur þyngst í mati á landslagi. Hér er litið til „aðlaðandi“ þátta á borð við fjölbreytni, vatn, (t.d. stöðuvötn, fallvötn, læki), fjöll, dulúð, dýpt landslagsins (víðerni eða þröngir firðir/dalir), samfellu, einsleitni, samhljóms (harmony), og endurtekinna forma (mynda heild) o.s.frv.
  - Almennt skal matið byggja á samanburði á landsvísu.
  - Við lokaútreikning fyrir viðfangið landslag og víðerni vegur landslag tvöfalt á við víðerni (2:1).
  - Minnt var á mikilvægi þess að í matsvinnunni verði að horfa til þeirra viðfanga sem til umfjöllunar eru hverju sinni. Eins verða matsmenn að vera meðvitaðir um „eigin sérvisku“ og að meðlimir hafa mis mikla þekkingu á einstökum svæðum. HMMM SKIL ÞETTA EKKI ALVEG
- Skilgreining svæða.** Afmörkun svæða var rifjuð upp að gefnu tilefni og í ljós kom að endurskoða þarf mat á eftirfarandi:
  - Gígjarfoss-Blánípuver og vatnasvið Hvítár að Hvítárvatni verða eitt svæði, þ.á.m. Hvítárnes og Gullfoss, svæðið nær niður í sjó (Hvítá). Þóra og Hilmar þurfa að breyta sínum tillögum.
  - Krafla/Leirhnjúkur og Bjarnarflag/Námaskarð verða aðskilin svæði. Ytri-Flói tilheyrir Bjarnarflagi/Námafjalli. Freysteinn og Magnús og Hilmar þurfa að breyta sínu mati í samræmi við þessa skiptingu.
  - Veiðivötn teljast ekki til Tungnaárvæðis og breyta skal útlínum svæðisins í vefsjá í samræmi við það.

**4. Athugasemdir við einstök svæði.**

- a. Hágönguvirkjun og Skrokkölduvirkjun eru á sama svæði og fá því sömu verðmætaeinkunn.
  - b. Torfajökull og Vonarskarð eru einu staðir landsins þar sem öll helstu einkenni háhitasvæða koma fram. Vonarskarð er mun minna umfangs. Fram kom sú skoðun að verðmæti Torfajökuls sé „mun meira“ en einkunnaskalinn sem stuðst er við leyfir – slíkir eru yfirburðirnir við öll önnur svæði.. Svipaða sögumá í raunar segja um Vonarskarð, Öskju og Kverkfjöll.
5. **Samræming einkunnagjafa.** Í lok fundarins vor heildareinkunnir reiknaðar út og gætt að innbyrðis samræmingu niðurstaðna. Var almenn sátt um útkomuna. Einkunnagjöfin liggur frammi á vinnusvæði hópsins á heimasíðu („Mat“).
6. **Fundi var slitið** kl. 17:00 og **næsti fundur** verður haldinn þann 7. janúar kl. 10:00 og þá verður hafin röðun svæða eftirverðmætum með AHP-aðferðafræðinni.